



Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum ekki minni síðan 2016

Útflutningur vöru og þjónustu nam 265,7 mö.kr. á fyrsta fjórðungi ársins borið saman við 308,4 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hann dróst því saman um 42,7 ma.kr. eða 13,8%. Innflutningur vöru og þjónustu nam 260,2 mö.kr. á fyrsta fjórðungi borið saman við 267,7 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hann dróst því saman um 16,5 ma.kr. eða 5,9%. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam því 5,5 mö.kr. borið saman við 31,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra og dróst hann því saman um 26,2 ma.kr. Þetta er minnsti afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á fyrsta fjórðungi ársins síðan árið 2016 þegar afgangurinn nam 2,1 ma.kr.

Minni afgang má einungis rekja til minni útflutnings



Minni afgang en í fyrra má einungis rekja til samdráttar í útflutningi en innflutningur dróst saman milli ára. Vöruútflutningur dróst saman um 26,4 ma.kr. eða 14,9%. Þjónustuútflutningur dróst saman um 16,3 ma.kr. eða 12,4%. Vöruinnflutningur dróst saman um 5,6 ma.kr. eða 3,2%. Þjónustuinnflutningur dróst hins vegar saman um 10,8 ma.kr. eða 10,6%.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum áfram borinn af afgangi á þjónustujöfnuði

Rétt eins og verið hefur flest síðustu ár var afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum borinn af afgangi á þjónustujöfnuði en vöruskiptahalli hefur mælst á fyrsta fjórðungi frá og með árinu 2016 utan ársins í 2019 þegar smávægilegur afgangur var á vöruskiptum.

Útflutningur ferðaþjónustu dróst saman um 28,2% milli ára

Útflutningur á þjónustu nam 115,5 mö.kr. og dróst saman um 16,3 ma.kr. eða 12,4%. Þann samdrátt má í sjálfu sér eingöngu rekja til samdráttar í útflutningi ferðaþjónustu. Útflutt ferðaþjónusta á fyrsta fjórðungi nam 66,7 mö.kr. og dróst hún saman um 26,2 ma.kr. eða 28,2% milli ára. Útflutningur ferðalaga nam 46,7 mö.kr. og dróst saman um 19,4






ma.kr. eða 29,3%. Útflutningur farþegaflutninga nam 20 mö.kr. og dróst saman um 6,8 ma.kr. eða 25,5%. Fjöldi erlendra ferðamanna á fyrsta ársfjórðungi var rúmlega 350 þúsund og fækkaði þeim um 23,3% milli ára. Sá samdráttur kom þó fyrst og fremst fram í marsmánuði þegar fjöldinn dróst saman um 53%. Áhrif breytingar á gengi krónunnar á breytingu í útflutningsverðmæti milli ára voru fremur léttvæg að þessu sinni en gengisvísitala krónunnar hækkaði um 1,4% milli fyrsta fjórðungs í ár og sama tímabils í fyrra.

Þjónustuinflutningur dróst saman um 10,6%


Þjónustuinflutningur nam 91,4 mö.kr. á fyrsta fjórðungi borið saman við 102,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Samdrátturinn nemur því 10,8 mö.kr. eða 10,6%. Aukinn samdráttur skýrist fyrst og fremst af minni ferðalögum Íslendinga til útlanda en sá liður dróst saman um 5,9 ma.kr. eða 14,3%. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu rúmlega 88 þúsund á fyrsta fjórðungi og fækkaði þeim um 29% frá sama tímabili í fyrra.

Samdráttur í vöruútflutningi má helst skýra með miklum útflutningi flugvéla í fyrra

Vöruútflutningur breyttist töluvert milli ára. Vöruútflutningur nam 174 mö.kr. á fyrsta ársfjórðungi í fyrra en 148,8 mö.kr. í ár. Hann dróst því saman um 25,2 ma.kr. eða 14,5%. Þennan samdráttur í vöruútflutningi milli ára má að mestu leyti skýra með miklum samdrætti í útflutningi flugvéla. Útflutningur flugvéla var óvenjumikill á fyrsta fjórðungi í fyrra en þá seldi WOW air fjórar farþegaþotur til Air Canada. Í fyrra nam útflutningur farþegaþota um 17,3 mö.kr. en ekki mældist neinn útflutningur í ár og því dróst hann saman um 17,3 ma.kr. milli ára. Útflutningur á notuðum skipum dróst saman um 5,2 ma.kr. milli ára en hann var 5,2 ma.kr. í fyrra en enginn í ár. Útflutningur á áli og álafurðum nam 54,2 mö.kr. á fyrsta fjórðungi í fyrra en 50,7 ma.kr. á fyrsta fjórðungi í ár og dróst því saman um 3,5 ma.kr. eða 6,5%. Sá samdráttur skýrist af bæði minni útflutningi í tonnum talið en einnig lægra álverði en þarna á móti vegur styrking Bandaríkjadollars gagnvart krónu.




Áhrif einstaka liða á breytingu í vöruútflutningi á F1





Vöruinnflutningur dróst saman um 3%

Vöruinnflutningur nam 169,1 mö.kr. á fyrsta ársfjórðungi borið saman við 174,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Hann dróst því saman um 5,2 ma.kr. eða um 3%. Minni vöruinnflutningur á þessu ári má skýra með ýmsum liðum. Innflutningur fjárfestingarvara án flutningatækja dróst saman um 9,3 ma.kr. eða tæpt 21%. Innflutningur hrá- og rekstrarvara dróst saman um 6,8 ma.kr. eða 13,1%. Innflutningur á eldsneyti og smurolíum dróst saman um 1,1 ma.kr. eða 5,7%. Þarna á móti vó að innflutningur á flutningatækjum jókst um 10,7 ma.kr. eða 60,2%. Af því nam innflutningur skipa 6,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi borið saman við 0,7 ma.kr. á sama tímabili í fyrra og nam aukningin því 5,4 ma.kr. Innflutningur fiskiskipa jókst um 4,7 ma.kr. milli ára. Innflutningur fólksbíla jókst um 3,2 ma.kr. eða tæplega 42%.



Fyrsti ársfjórðungur hvers árs

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.